

Samantektir byggjast á kröfum um upplýsingaskyldu sem kallaðar eru „liðir“. Þessir liðir eru númeraðir í köflum frá A til E.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu koma í samantekt fyrir þessa tegund verðbréfa og þessa tegund útgefanda. Verðbréfin eru gefin út í samræmi við útboðs- og skráningarlýsinguna (sem samanstendur af þessari samantekt, verðbréfalýsingunni og útgefandalýsingunni) sem BrewDog plc gefur út („**Útboðs- og skráningarlýsing**“) og inniheldur tilboð varðandi kaup á áskriftum („**Útboð**“) að B-hlutum upp á 0,001 penni fyrir hvern hlut í fyrirtækinu („**Nýir B-hlutar**“). Ekki er gerð krafa um að allir liðirnir séu birtir og því getur númeraröð liðanna verið slitin.

Jafnvel þó krafa sé gerð um að ákveðinn liður sé látinn koma fram í þessari samantekt getur verið að engar viðeigandi upplýsingar séu tiltækar. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á liðnum ásamt textanum „á ekki við“.

A		Inngangur og fyrirvari
A1	Fyrirvari	Samantekt þessa skal lesa sem inngang að útboðs- og skráningarlýsingunni. Ákvörðun fjárfestis um að fjárfesta í verðbréfunum skal tekin á grundvelli útboðs- og skráningarlýsingarinnar í heild. Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu, sem varðar upplýsingar í útboðs- og skráningarlýsingu, gæti fjárfestirinn sem kærir, samkvæmt innlendri löggjöf aðildarríkjanna, þurft að bera kostnað af þýðingu útboðs- og skráningarlýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Einkaréttarábyrgð fellur á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta útboðs- og skráningarlýsingarinnar eða ef hún veitir ekki, þegar litið er til annarra hluta útboðs- og skráningarlýsingarinnar, grundvallarupplýsingar sem fjárfestirinn getur stutt sig við þegar hann ákveður hvort fjárfesta eigi í slíkum verðbréfum.
A2	Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða	Fyrirtækið og stjórnendur þess samþykkja að fjármálamilliliðir notist við útboðs- og skráningarlýsinguna þegar kemur að endursölu eða endanlegri ráðstöfun verðbréfa á síðari stigum, og viðurkenna einnig ábyrgð sína fyrir innihaldi útboðs- og skráningarlýsingarinnar, allt frá dagsetningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar fram að lokadagsetningu útboðsins sem búist er við að verði lokið 5. júlí 2019 (eða fyrr ef allar áskriftir ganga út eða síðar samkvæmt ákvörðun stjórnenda). Engin skilyrði liggja til grundvallar þessu samþykki. Leggi fjármálamilliliður fram tilboð skal sá fjármálamilliliður veita fjárfestum upplýsingar um skilmála og skilyrði tilboðsins á þeim tíma sem tilboðið er gert.
B		Útgefandinn
B1	Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti	BrewDog plc („ fyrirtækið “ eða „ BrewDog “).
B2	Lögheimili / Félagsform / Löggjöf / Skráningarland	Fyrirtækið er hlutafélag og skráð í Skotlandi undir skráningarnúmerinu SC311560. Helsta löggjöfin sem fyrirtækið starfar samkvæmt er lagagerð sem fellur undir breskan félagarétt; The Companies Act 2006 („ gerðin “) og þær reglugerðir sem undir þá löggjöf falla.
B3	Lykilþættir í núverandi aðgerðum fyrirtækisins og helsta starfsemi	Á síðustu sjö árum hefur BrewDog verið í hópi þeirra matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Bretlandi sem hafa stækkað hvað hraðast. Fyrirtækið er fyrst og fremst í framleiðslu svokallaðra sælkerabjóra (e. craft beers) en rekur einnig 50 vínveitingastaði í Bretlandi og á heimsvísu (þeirra á meðal eru staðir sem starfræktir eru með sérleyfi) ásamt einu sælkerabjóra-hótelu. Á síðustu fimm árum hafa tekjur BrewDog vaxið að meðaltali um 66,5% á ári og frá 2009 hefur fyrirtækið og dótturfélag þess í Bandaríkjunum BrewDog USA Inc. aflað meira en 67 milljónum punda í gegnum hóp fjármögnunartilboð sem nefnast „Equity for Punks“ og útgáfu skuldabréfa með hóp fjármögnun. Í apríl 2017, í viðskiptum sem námu 213 milljónum punda, eignaðist TSG Consumer Partners (í gegnum tvö skráð samlagsfélög á Cayman-eyjum) um það bil 23,5%

		fyrirtækisins (miðað við útgefna hluti á þeim tíma), þar sem 100 milljónir punda runnu inn í fyrirtækið til áframhaldandi stækkunar þess, en eftirstöðvarnar notaðar til að tryggja fyrstu hluthöfum seljanleika. Við viðskiptin var fyrirtækið 1 milljarða punda virði og ætlunin var að veita langtíma fjármögnun til 7 ára.		
B4a	Nýleg þróun sem hefur áhrif á fyrirtækið og atvinnugrein þess	Krám hefur fækkað stöðugt í Bretlandi undanfarin ár og Bretar neyta sífelld minna áfengis, hins vegar hefur sælkerabjórmarkaðurinn stækkað hratt undanfarin ár þar sem sælkerabjórar eru að verða vinsælli í Bretlandi og heiminum öllum. Í Bretlandi eru fleiri vínveitingastaðir farnir að panta sælkerabjóra og samkvæmt heimildum hefur brugghúsum fjölgað umtalsvert, eða um einn á þriggja daga fresti ¹ . Vegna sívaxandi vinsælda sælkerabjóra og hraðari vaxtar þeirra en almennrar bjórframleiðslu, hafa nokkur stór fjölþjóðleg bjórframleiðslufyrirtæki keypt brugghús sem framleiða sælkerabjór í því skyni að fá hlutdeild í þessum vaxandi markaði. Þrátt fyrir að rekstur fyrirtækisins hafi vaxið kröftuglega sem og markaður fyrir sælkerabjór almennt á síðustu sjö árum, er engin víska um að það haldi áfram.		
B5	Samstæðan	Fyrirtækið er helsta verslunarfyrirtæki samstæðunnar og á að fullu sjö dótturfélög í Bretlandi, BrewDog Retail Limited, sem er rekstrarfyrirtæki í tengslum við vínveitingastaði samstæðunnar í Bretlandi, Lone Wolf Spirits Limited, sem er rekstrarfyrirtæki í tengslum við viskí, gin og vodka framleiðslu samstæðunnar, BrewDog Admin Limited, sem er óvirkt, BrewDog International Limited, sem er eignarhaldsfyrirtæki fyrir vínveitingahús alþjóðlega, Draft House Holding Limited, sem er eignarhaldsfélag fyrir viðskipti með sælkerabjór í Bretlandi, Overworks Limited, sem er óvirkt og Hawkes Cider Limited, eplavínsframleiðandi sem fyrirtækið keypti í apríl 2018. Fyrirtækið á tvö bandarísk dótturfélög, BrewDog USA Inc og BrewDog Media Inc, ástralska dótturfélagið BrewDog Group Australia Pty Ltd, belgíska dótturfélagið BrewDog Belgium SPRL, brasilíska dótturfélagið, BrewDog do Brasil Comércio de Alimentos e Bebidas Ltda, þýska dótturfélagið BrewDog GmbH, Hong Kong dótturfélagið Brewdog Group HK Limited, 70% hlut í suður-kóreska dótturfélaginu Brewdog Bar Korea og spánska dótturfélagið BD Casanova SL.		
B6	Stærstu hluthafar / Atkvæðisréttur / Yfirráð	Allir hluthafar hafa sama atkvæðisrétt hvað varðar fyrirliggjandi hlutafé fyrirtækisins. Frá og með 4. apríl 2019, eiga TSG Consumer Partners, í gegnum tvö samlagsfélög skráð á Cayman-eyjum, 16.160.849 C-forgangshluta og 891.383 A-hluta (sem eru u.þ.b. 23,5% af útgefnum hlutabréfum fyrirtækisins). Frá og með 4. apríl 2019 eiga eftirfarandi lykilmenn í stjórn fyrirtækisins, samanlagt A-hluti sem samsvara u.þ.b. 52,58% af útgefnum heildarhlutabréfum eins og hér kemur fram:		
		Hluthafi	Fjöldi A-hluta í eign	Hlutfall af útgefnum hlutafé*
		James Watt	18.004.237	24,74%
		Martin Dickie	15.744.233	21,64%
		Charles Keith Greggor*	3.822.039	5,25%
		Neil Simpson	597.736	0,82%
		Allison Green	45.450	0,06%
		David McDowall	45.450	0,06%
		Frances Jack	-	-

¹ <https://www.ft.com/content/9397c49c-88c1-11e6-8cb7-e7ada1d123b1>

		James O'Hara	-	-	
		Jason Keith Marshall	-	-	
		Andy Shaw	-	-	
		* í gegnum Griffin Group LLC og Kelso Ventures LLC			
B7	Samandregnar fjárhagsupplýsingar og yfirlýsing um hvers kyns mikilvægar breytingar	<p>Ársreikningur fyrirtækisins fyrir árin sem lauk 31. desember 2015, 2016 og 2018 voru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).</p> <p>Settar eru fram ákveðnar lykilupplýsingar um sögu samstæðunnar í töflunni hér að neðan:</p>			
			Frá endurskoðun í árslok til 31. desember 2018	Frá endurskoðun í árslok til 31. desember 2017	Frá endurskoðun í árslok til 31. desember 2016
		Rekstrarreikningur samstæðunnar			
			<i>000 pund</i>	<i>000 pund</i>	<i>000 pund</i>
		Vergar tekjur	171.619	110.870	71.850
		Sölu- og gjaldkostnaður + gjald	(113.878)	(73.244)	(47.075)
		Vergur hagnaður	57.741	37.626	24.775
		Rekstrarhagnaður	832	2.704	4.377
		(Tap)/hagnaður eftir skatta	(1.493)	870	3.169
		Efnahagsreikningur samstæðunnar			
		Fastafjármunir	141.493	82.527	62.267
		Veltufjármunir	91.706	120.697	24.340
		Skammtímaskuldir	46.743	29.933	30.408
		Langtímaskuldir	21.462	26.468	18.594
		Hrein eign	164.994	146.823	37.605
		Sjóðstreymi samstæðunnar			
		Hreint innstreymi/(útstreymi) handbærs fjár frá starfsemi	(6.029)	4.865	2.265
		Hreint innstreymi notað í fjárfestingar	(57.208)	(25.216)	(20.711)
		Hreint innstreymi notað í fjármögnun	13.717	105.690	22.420
		Hrein (minnkun)/ aukning handbærs fjár	(49.520)	85.339	(556)
		Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok	38.978	88.498	3.159
		<p>Tekjur samstæðunnar hafa aukist úr 44.730.000 pundum þann 1. janúar 2016 í 171.619.000 31. desember 2018. Heildarhagnaður hefur aukist úr 16.954.000 pundum 1. janúar 2016 í 57.741.000 31. desember 2018. Vergar eignir hafa hækkað úr 26.806.000 1. janúar 2016 í 164.994.000 31. desember 2018.</p> <p>Meginþáttur þessa vaxtar á árunum 2017 og 2018 hefur verið stöðugur vöxtur viðskipta í Bretlandi.</p> <p>Einnig hefur verið aflað meira en 66 milljónum punda með hópfjármögnun hlutafjár</p>			

		<p>og útgáfu örskuldabréfa frá stofnun og hefur það aukið umtalsvert vergar eignir okkar og gert kleift að fjárfesta til að útvíkka starfsemina, meðal annars með opnun brugghúss í Bandaríkjunum í Columbus, Ohio.</p> <p>Í kjölfar fimmtu hlutabréfaútgáfu fyrirtækisins á vettvangi „Equity For Punks“ sótti fyrirtækið 26,2 milljónir punda með útgáfu B hluta á 0,001 pund hvern.</p> <p>Þann 29. mars 2017, ákvað stjórnin að hlutafé fyrirtækisins skyldi skipt upp með því að skipta hverjum 0,01 punda A-hlut í 10 0,001 punda A-hluti og með því að skipta hverjum 0,01 punda B-hlut í 10 0,001 punda B-hluti og 8.383.915 af ný uppskiptum A-hlutum fyrirtækisins var breytt í C-forgangshluti. Þann 6. apríl 2017, seldu handhafar breyttra A-hluta, C-forgangshluti sína til tveggja bandarískra einkafjármagnsfélaga, TSG AIV og TSG LL, sem einnig gerðust hvert um sig áskrifandi að 7.776.934 C-forgangshlutum til viðbótar, þannig að fjárfestingin í fyrirtækinu nam samtals 102.499.990,10 pundum og samanlagt eignarhald þeirra var 16.160.849 C-forgangshlutir og 891.383 í kauprétt (sem samsvarar u.þ.b. 23,4% af útgefnu hlutafé í fyrirtækinu við kaupun á þynntum grundvelli). Kaupréttirnir hafa síðan verið nýttir að fullu og þeim breytt í A hluti.</p> <p>Fyrirtækið hefur hrint í framkvæmt tillögum um að 10% af hagnaði þess eru greidd jafnt meðal starfsmanna þess á hverju ári og þar að auki fer 1 milljón punda á hverju ári til BrewDog Foundation, sem gefur peningana til góðgerðasamtaka sem stofnunin velur, og hafa 207.774 nú þegar verið greitt út.</p> <p>Að undanskildu því sem að ofan greinir varðandi tímabilið sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar ná til og tímabilsins á milli 31. desember 2018 og dagsetningar útgáfu skráningarlýsingarinnar, hafa ekki orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins og rekstrarárangi þess.</p>
B8	Pro forma fjárhagsupplýsingar	Engar pro forma upplýsingar fylgja útboðs- og skráningarlýsingunni.
B9	Hagnaðarspá	Engin hagnaðarspá fylgir útboðs- og skráningarlýsingunni.
B10	Fyrirvarar í endurskoðunarskýrslum	Á ekki við. Endurskoðunarskýrslur voru ekki með neina fyrirvara vegna fjárhagsupplýsinga sem fram koma í útboðs- og skráningarlýsingunni.
B11	Útskýring ef veltufé nægir ekki til að uppfylla núverandi þarfir	Á ekki við. Fyrirtækið metur sem svo að veltufé nægi til að uppfylla þarfir þess í dag og hið minnsta næst tólf mánaða tímabil frá dagsetningu þessa skjals.
C		Verðbréf
C1	Tegund og flokkar verðbréfa sem boðin verða til sölu og tekin til viðskipta í kauphöll	Verðbréfin sem boðin verða til sölu samkvæmt útboðinu eru B-hlutir, 0,001 pund hver hlutur („Nýir B-hlutir“).
C2	Gjaldmiðill	Hlutafé fyrirtækisins samanstendur nú af A-hlutum upp á £0,001 hver hlutur, B-hlutum upp á £0,001 hver og C-forgangshlutum upp á £0,001 hver.
C3	Fjöldi útgefna hluta	Við dagsetningu þessa skjals eru útgefni A-hlutir 43.697.247 talsins, B-hlutir 12.901.173 og C-forgangshlutir 16.160.849 (allir að fullu greiddir).
C4	Réttindi sem fylgja verðbréfunum	Nýju B hlutirnir eru jafn hátt settir að öllu leyti og þeir B hlutir sem þegar liggja fyrir.

C5	Hömlur á meðferð verðbréfanna	Stjórnin getur að vild hafnað hvers kyns framsali á verðbréfunum.
C6	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið um eða sótt verði um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	Engin viðskipti verða með nýju B-hlutana á skipulögðum markaði og ekki þarf að sækja um aðgang að neinum skipulögðum verðbréfamarkaði fyrir nýju B-hlutana.
C7	Lýsing á arðgreiðslustefnu	Núverandi stefna fyrirtækisins er að greiða ekki út neinn arð heldur fjárfesta allan arð í fyrirtækinu til að knýja áfram vöxt þess.
D		Áhættuþættir
D1	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða sérstaklega fyrirtækið eða atvinnugrein þess	<p><i>Fyrirtækið</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Þar sem fyrirtækið hefur nýlega lokið við byggingu nýrrar bruggaðstöðu í Bandaríkjunum og hefur hafið byggingu annarrar aðstöðu í Ástralíu, fer bruggframleiðsla í Bretlandi og Evrópu að mestu leyti fram á einum stað í Ellon og komi til langrar stöðvunar á framleiðslunni (t.d. vegna eldsvoða eða inngríps í iðnaðinn) gæti slíkt haft neikvæð áhrif á getu fyrirtækisins til að brugga sínar vörur. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á starfsgetu fyrirtækisins, fjárhagsstöðu þess og framtíðarhorfur. • Einhver eða öll vínveitingahús á vegum BrewDog gætu misst vínveitingaleyfið eða opnunartímar þeirra gætu verið skertir vegna ákvarðana leyfisveitinganefnda í tilteknum umdæmum og svæðum þar sem vínveitingahúsin eru staðsett eða vegna hvers kyns breytinga í lagaumhverfi varðandi leyfisveitingar til staða í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum þar sem BrewDog á vínveitingahús. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á starfsgetu fyrirtækisins, fjárhagsstöðu þess og framtíðarhorfur. • Fyrirtækið gæti farið út í frekari fjármögnun með sölu hlutafjár sem gæti þynnt út eignir núverandi hluthafa eða leitt til útgáfu verðbréfa sem fylgja meiri réttindi og forgangur en sem fylgja B-hlutum, og þannig getur virði þeirra B-hluta sem keyptir eru samkvæmt útboðinu minnkað, en fyrirtækið getur gripið til slíkra aðgerða án sérstaks samþykkis eigenda B-hluta. • Fyrirtækið hefur hrint í framkvæmt tillögum um að 10% af hagnaði þess séu greidd jafnt meðal starfsmanna þess á hverju ári og þar að auki fer 1 milljón punda á hverju ári til BrewDog Foundation, sem gefur peningana til góðgerðasamtaka sem stofnunin velur. Þar af leiðandi verður minni hagnaður fyrirtækisins til arðgreiðslna í framtíðinni og til að endurfjárfesta í fyrirtækinu. • Fyrirtækið er með samninga við sína helstu birgja og er háð jákvæðum samskiptum við birgjana sem og að samböndin haldist. Sé slíkum samningum rift, skilmálum þeirra breytt eða geti mikilvægur birgir ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningum (þ.m.t. ef mikilvægur birgir verður gjaldþrota) gæti slíkt haft neikvæð áhrif á arðsemi fyrirtækisins. • Fyrirtækinu er mjög mikilvægt að viðhalda og bæta ímynd þeirrar vöru sem það framleiðir nú. Ímynd og orðspor fyrirtækisins gæti orðið fyrir skaða af ýmsum ástæðum, þ.m.t. vegna málaferla, kvartana frá viðskiptavinum/eftirlitsaðilum vegna gæðamála, veikinda eða annarra heilbrigðisatriða. Slík atriði, jafnvel þótt þau eigi ekki við rök að styðjast, gætu skaðað ímynd fyrirtækisins og orðspor framleiðslunnar.
D3	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin	<p><i>Verðbréfin</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Virði hlutabréfa í BrewDog getur hækkað sem og lækkað, ef fjárfest er í því er hugsanlegt að peningarnir fái ekki til baka. Fyrri afkoma er ekki nauðsynlega

	sérstaklega	<p>vísbending um afkomu í framtíðinni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áður en ákvörðun er tekin er rétt að hugsa um hvort það henti og ekki fjárfesta fyrir meira en efni eru á. • BrewDog er ekki skráð á markað og engin trygging er fyrir því að það verði skráð á markað né á hvaða tímakvarða. Hluti fyrirtækisins er einungis hægt að selja einu sinni á ári (að því gefnu að ekkert útboð standi yfir) í gegnum viðskiptamiðstöð okkar. Einnig má taka fram að þar sem fyrirtækið hefur ekki verið skráð á markað gilda ekki allar þær reglur og reglugerðir um okkur eins og fyrirtæki með skráð hlutabréf. • Tilboðið er háð samþykki hluthafa á aðalfundi fyrirtækisins. Fari svo ólíklega að ályktanirnar verði ekki samþykktar, verður ekki af úboðinu. • Núverandi stefna okkar er að greiða ekki út neinn arð heldur fjárfesta allan ágóða í fyrirtækinu til að kynda undir frekari vöxt þess. Fyrirtækið greiðir út 10% af árlegum hagnaði jafnt meðal starfsmanna þess á hverju ári og þar að auki fer 1 milljón punda á hverju ári til BrewDog Foundation, sem gefur peningana til góðgerðasamtaka sem stofnunin velur. Þannig verður minni hagnaður fjárfestur í fyrirtækinu. • Meira en helmingur hlutabréfa í BrewDog eru í eigu stofnenda fyrirtækisins og starfsfólks þess. Með slíka stöðu geta þau komið ákvörðunum í gegn á aðalfundum, jafnvel þeim sem fjárfestar og þátttakendur í útboðinu, sem minnihlutaeigendur, kunna að vera ósammála. • Rétt rúmlega 22% af útgefnum hlutabréfum í BrewDog eru C-forgangshlutabréf með forgang við gjaldþrotaskipti fram yfir A-hluta og B-hluta, sem þýðir að hlutur B-hluthafa af gjaldþrotaskiptum eða heildararðs eigin fjár kann að vera skertur eða enginn. • Stjórnarmenn eiga rétt á því að hafna hvers kyns framsali á verðbréfunum. Þannig má koma í veg fyrir að fjölbjóðlegir og risavaxnir bjórframleiðendur kaupi hluti í BrewDog. • Þeim afslætti og annarri hagsbót sem fjárfestar eiga rétt á getur fyrirtækið breytt (þar með talið fjarlægð eða skipt út) að eigin ákvörðun. 								
E		Tilboð								
E1	Heildarfjárhæð nettósöluandvirðis og mat á heildarkostnaði við útgáfuna/útboðið	Samkvæmt útboðinu hyggst fyrirtækið afla allt að 10 milljónum punda. Upphaflegur heildarkostnaður við útboðið er áætlaður vera 500.000 pund. Stjórnarmenn hafa heimild til að hækka útboðið að hámarki í 50 milljónir punda og áætlað er að kostnaðurinn verði u.þ.b. 100.000 pund til viðbótar fyrir hverjar 10 milljónir sem safnað er til viðbótar.								
E2a	Ástæður fyrir útboðinu og notkun afrakstursins	<p>Stjórnarmenn telja að útboðið veiti fyrirtækinu meira eigið fé til að styðja við frekari vöxt þess. Fyrirtækið hyggst nota afrakstur útboðsins í almennan rekstur, líkt og útlistað er nákvæmar hér að neðan.</p> <p>Ef háleitasta markmið fyrirtækisins um að afla 50 milljóna punda næst mun fyrirtækið leitast við að fjármagna eftirtalin verkefni:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Kostnaður</th> <th>Áætluð fjármögnunarpörf</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Brewpubs í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og Spáni</td> <td>4 milljónir punda</td> </tr> <tr> <td>Auka í framleiðslugetu í Ellon</td> <td>1 milljón punda</td> </tr> <tr> <td>Afhendingarþjónustan „Hop Drop“ með kældan bjór</td> <td>1 milljón punda</td> </tr> </tbody> </table>	Kostnaður	Áætluð fjármögnunarpörf	Brewpubs í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og Spáni	4 milljónir punda	Auka í framleiðslugetu í Ellon	1 milljón punda	Afhendingarþjónustan „Hop Drop“ með kældan bjór	1 milljón punda
Kostnaður	Áætluð fjármögnunarpörf									
Brewpubs í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og Spáni	4 milljónir punda									
Auka í framleiðslugetu í Ellon	1 milljón punda									
Afhendingarþjónustan „Hop Drop“ með kældan bjór	1 milljón punda									

		Frumskipulag fyrir The DogHouse hótelið í London	1 milljón punda
		Fimm vínveitingahús í viðbót í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og Spáni	16 milljónir punda
		Meiri fjárfesting í The DogHouse hótelinu, Brewery & Craft Beer safninu í London	9 milljónir punda
		Auka enn frekar að framleiðslugetu Ellon	8 milljónir punda
		Áfengisgerð í BNA og viðburðarými í bandarískum háskólum	4 milljónir punda
		Vínveitingastaðir og Brewpubs í Asíu	6 milljónir punda
		SAMTALS	50 milljónir punda
		Ef útboðið skilar minna en það 50 milljón punda hámark sem stefnt var að, munum við samt halda áfram með þessi verkefni, en þau forgangsröð þeirra kann að breytast. Ofangreind verkefni eru í lauslegri forgangsröð og sú röð getur breyst.	
E3	Almenn skilyrði útboðsins	Útboðið samanstendur af B-hlutum í fyrirtækinu á verðinu 25,00 pund hver hlutur. Umsóknir verða að berast eigi síðar en 5. júlí 2019 (nema útboðinu ljúki fyrir vegna fullrar áskriftar eða að stjórnarmenn ákveði að framlengja það). Lágmarks áskrift er 25 pund fyrir einn nýjan B hlut. Hámarks áskrift í gegnum umsókn á netinu er 4,975 pund fyrir 199 nýja B hluti. Ekkert hámark er á áskrift þegar fjárfest er með ávísun og umsóknareyðublaði á pappírformi. Á meðan beðið er eftir útgáfu hinna nýju B-hluta verður áskriftarféð geymt á reikningi sem ekki ber vexti hjá aðilanum sem veitir því viðtöku.	
E4	Mögulegir hagsmunaárekstrar varðandi útgáfuna	Á ekki við. Engir hagsmunaárekstrar varðandi útgáfuna eru til staðar.	
E5	Nöfn aðila sem bjóða verðbréfin til sölu	Á ekki við. Enginn innan fyrirtækisins selur verðbréf.	
E6	Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar vegna útboðsins	Gefnir verða út um það bil 280.000 B hlutir samkvæmt útboðinu ef full áskrift næst, miðað við markmiðið 7 milljónir punda, ásamt 40.000 til viðbótar sem gefa á út á nafnvirði til sigurvegara í keppninni BrewDog Millionaire. Nýju B-hlutirnir sem gefnir eru út samkvæmt útboðinu og þessir aukahlutir myndu því samsvara u.þ.b. 0,44% af öllum útgefnum hlutum þegar útboðinu lýkur ef áskrift fæst fyrir öllum boðnum hlutum (en ekki hækkað). Ef háleitasta 50 milljóna punda markmiðið næst verða gefnir út u.þ.b. 2.000.000 nýir B-hlutar ásamt 40.000 BrewDog Millionaire aukahlutum eins og að framan greinir, en það samsvarar 2,73% af öllum útgefnum hlutum þegar útboðinu lýkur.	
E7	Kostnaður fjárfesta	Á ekki við. Fyrirtækið leggur engan kostnað á fjárfesta hvað útboðið varðar.	

5. apríl 2019